

Sent framkvæmdarstjórum allra sveitarfélaga

Stofnfundur 19. júní nk. vegna nýs samstarfsverttvangs
Tilnefning 1 til 2 tengiliða

Samstarfsverttvangur sveitarfélaganna fyrir heimsmarkmiðin og loftslagsmál

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkti á [868. fundi](#) sínum að sambandið kannaði áhuga sveitarfélaga á stofnun samstarfsverttvangs fyrir heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Aldís Hafsteinsdóttir, formaður sambandsins, hafði áður nefnt þann möguleika, á föjlsóttum kynningarfundum sem haldinn var á Grand hótel í febrúar síðastliðnum. Endurspeglæði fundurinn vel þann áhuga sem ríkir um allt land á heimsmarkmiðunum.

Þá hafa **loftslagsmál** margfaldað vægi sitt á stuttum tíma innan sveitarstjórnarmála. Lagt er því til að samráðsvettvanguinn fjalli einnig um þann málaflokk, enda taka heimsmarkmiðin til loftslagsmála með margvíslegu móti.

Boðað er til stofnfundar samstarfsverttvangs sveitarfélaganna fyrir heimsmarkmiðin og loftslagsmál. Stofnfundurinn verður 19. júní nk. kl. 13:00 til 14:30 í Reykjavík. Dagskrá fundarins verður ásamt fundarstað kynnt síðar. Fundarþátttaka á skype verður í boði fyrir þá sem vilja.

Á meðal þeirra verkefna sem nýi samstarfsverttvanguinn gæti tekið til má nefna sameiginlega framtíðarsýn sveitarfélaganna vegna heimsmarkmiðanna og loftslagsmála, samstarf sveitarfélaga, sameiginleg stjórntæki og verkfærakistur, hagnýta þekkingaröflun og þekkingarmiðun, aðgerðir vegna fyrirhugaðra orkuskipta og fjármögnun aðgerða, svo að fátt eitt sé nefnt.

Þau sveitarfélög sem vilja gerst aðilar tilnefna 1-2 tengiliði. Útbúið hefur verið rafrænt eyðublað fyrir skráningu tengiliðs(-liða) sveitarfélagsins sem fylla verður út og jafngildir sú skráning aðild að vettvangnum. Tengill á eyðublaðið:

<https://forms.gle/gz7rqS7sYwzHfNGQ7>

Pess má svo geta að stofnfundur samráðsvettvangsins verður öllum opinn og eru þáttakendur beðnir um að [skrá sig hér](#), bæði þeir sem ætla að mæta á fundinn og svo einnig þeir sem ætla að taka þátt með skype.

Nánari upplýsingar veita Eygerður Margrétardóttir og Helga Guðrún Jónasdóttir á eygerdur@samband.is eða helga@samband.is.

Einnig má hafa samband í síma 515 4900.

Skráningarfrestur fyrir tengiliði og á stofnfundinn er til og með 14. júní nk.



Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is

Ef þessi póstur kemur til þín utan dagvinnutíma skaltu íhuga hvort svarið megi ekki bíða til morguns

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.